

# ÓMAR FORTÍÐAR

Ný plata með þekktum lögum úr Þjóðarsál Íslendinga á  
hljóðfærið fetilgítar eða *pedal steel*



Á plötunni flytur Ómar þekkt lög úr Þjóðarsál Íslendinga á hljóðfærið "fetilgítar" eða "pedal steel" á móðurmáli hljóðfærisins. Með Ómari á hljómplötunni eru þeir Matthías Hemstock á slagverk og Tómas Jónsson á píanó og hljóðgervla.

Lögin eru t.d úr smiðju Karls Ó Runólfssonar, Jónasar Tómassonar, Árna Thorsteinssonar og Bjarna Þorsteinssonar. Öll frá árunum 1930 til 1960.

Ómar Guðjónsson hefur víða borið niður, í flestum stílum og stefnum rybmískrar tónlistar. Hann hefur líka rannsakað hljóðheim gítarsins – og fetilgítarsins – meira en margur. Það er meira en aldarfjórðungsreynsla í þeim fingrum sem hér túlka með nýjum hljómi margar gersemar úr íslenskri sönglagahefð. Hann hnikar öllu til, sleppir orðunum, breytir hljómunum, styttir og lengir upprunalengd laglínunótnanna og skapar ný lög eins og sá djassmaður sem hann er. En þessi nýju gömlu lög snerta íslensk hjörtu á allt annan hátt en frumlegar útgáfur af klassískum djasslögum; hann er nefnilega að endurskapa lög sem við ólumst upp við og óma inni í okkur. Og kannski ræður það úrslitum að þessi endursköpun er borin fram af sterkri ljóðrænni tilfinningu sem kallast á við rómantíkina sem réði ferð hjá höfundum laganna.

[Í Fjarlægð - youtube linkur](#)  
[Ómar Guðjónsson á Spotify](#)



Ómar Guðjónsson hélt útgáfutónleika síðasta sunnudag, en tónleikarnir voru hluti af Jazzhátíð Reykjavík. Platan hefur fengið gríðarsterk og jákvæð viðbrögð og þá er einnig fyrsti plötudómurinn kominn í hús sem segir m.a.:

*„The arrangements of Ómar and the company are mature, original and unique. It is worth adding that, with all this, there is no shortage of melodicism and popular motifs. Ómar Guðjónsson resembles a wizard who pulls out new surprises from his sleeve - he presents a wide range of styles on the album, providing the songs with a wide soundscape and great depth. There is freedom in this, but also precision, thanks to which the listener can derive many pleasant sensations from these recordings. It should be noted that the invited musicians also leave their mark on the album, known from their previous achievements, which results in an engaging and very refreshing album. The material from "Ómar Fortíðar" is perfectly polished, but with room to breathe. There is also space for improvisation, so to fully appreciate it you need to focus and listen to it many times. And it is not difficult, because we are often accompanied by beautiful and charming melodies and a charming romantic atmosphere*

*fannst þetta skemmtileg lýsing á fetilgítarnum hjá honum:*

*It needs to be explained that this guitar is played not only with hands (often using a slider or a roller, without pressing the strings to the frets and metal plectrums placed on the fingers with which the strings are plucked), but also with the feet with which the floor pedals allow for modulation tension and smooth changes in the tuning of the strings. That's why the sounds of this guitar are so soothing and prolonged, you can melt in them"*

